

Þriðji fundur Skólanefndar Framhaldsskólans á Laugum haldinn á skrifstofu skólameistara miðvikudaginn 9. maí 2018 klukkan 15:00.

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, Hjördís Stefánsdóttir, Bjarni Höskuldsson, Hanna Sigrún Helgadóttir, fulltrúi kennara, Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Baldur B. Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Drög að dagskrá

1. Fjármál
 - a. FL
 - b. Vopnafjörður
2. Fréttir frá síðasta fundi
 - a. Sumardagurinn fyrsti
 - b. Heimsókn Hollendinga
3. Samstarf við FSH
4. Skólaferð nemenda í haust
5. Drög að skóladagatali (meðfylgjandi)
6. Útskrift 19. maí
7. Umsóknir
8. Mögulegar breytingar á starfsliði
9. Önnur mál

1. Fjármál

a) Ekki er komið uppgjör fyrir árið 2017. Samið hefur verið við kennara. Þeir samningar kveða m.a. á um afturvirka hækkun launa til nóvember 2017. Ekki liggur enn fyrir hvort þær launabreytingar verði gjaldfærðar í tengslum við uppgjör 2017. Þá er verið að ganga frá uppgjöri á mótuneytinu og ættu niðurstöður að liggja fyrir á næsta fundi.

b) Skólameistari hefur óskað eftir auknu fjármagni fyrir Vopnafjörð alls 11,9 mkr vegna ársins 2018. Svar hefur nú borist og fær skólinn 5 mkr á önn á yfirstandandi ári vegna verkefnisins.

2. Fréttir frá síðasta fundi

a) Sumardagurinn fyrsti var haldinn hátíðlegur með ýmsum uppákomum og heppnaðist vel. Áætlað er að gestir hafi verið um eða yfir 350. Auk þess að kynna skólann var boðið upp á markaðstorg í íþróttahúsinu.

b) Heimsókn Hollendinga í tengslum við verkefnið *Water is live* átti sér stað á laugardeginum eftir sumardaginn fyrsta. Voru þetta alls níu gestir. Farið var með gestina m.a. í Laxárvirkjun í Mývatns sveit og Húsavík Ekki liggur fyrir hvort áframhald verður á þessu samstarfi.

c) Á milli þessara atburða var farið í menningarferð og skráðu um 20 nemendur í ferðina. Skoðuðu Flugsafnið á Akureyri, komu við í Laufási og sáu sýninguna Sjeikspír allur hjá LA og gistu að lokum í Kiðagili í Bárðardal. Fór skólameistari með í þessa ferð.

3. Samstarf við FSH

Starfandi hefur verið nefnd sem hefur haft það verkefni með höndum að kanna sameiningu og/eða samstarf FL og FSH undir vinnuheitinu *Þróunarverkefni framhaldsskóla í Þingeyjarsýslum*. Helsta niðurstaðan er að skólarnir eru það ólíkir að sameining sé ekki fýsilegur kostur. Á yfirstandandi ári hafa skólarnir reynt að efla samskipti nemenda skólanna og má nefna í því sambandi að nemendur Laugaskóla tóku þátt í leiklistaverkefni á Húsavík á liðnu hausti. Niðurstaða nefndarinnar var kynnt á fundi á Akureyri þann 10. apríl. Skólameistari og Dagbjört formaður skólanefndarinnar sátu fundinn.

4. Skólaferð nemenda að hausti

Undanfarin ár hafa nemendur farið í útskriftaferðir að vori fyrir lokaár. Þær ferðir hafa alfarið verið á forræði nemenda og/eða foreldra þeirra. Nú hefur það verið ákveðið að nemendur fari að hausti þriðja árs. Ferðin verði samstarfsverkefni nemenda og skólans og fari starfsmaður skólans með í ferðina. Í ferðinni verði blandað saman námstengdum viðburðum og afþreyingu fyrir nemendur. Gert er ráð fyrir því að nemendur safni fyrir ferðinni á öðru námsári með ýmsum hætti undir forræði skólans.

5. Drög að skóladagatali (meðfylgjandi)

Skólameistari lagði fram drög að skóladagatali. Áætlað er að setja skólann þann 26. ágúst í haust og útskrift verði svo 18.05.2019. Stefnt er að því að taka þessi drög fyrir á starfsmannafundi þann 22.05. n.k.

6. Útskrift 19. maí

Áætlað er að um tuttugu nemendur útskrifist að þessu sinni. Þá er í farvatninu að stofna Hollvinasamtök Laugaskóla að þessu sinni.

7. Umsóknir

Í dag hafa borist alls 77 umsóknir, 35 í fyrsta vali, þar af 21 úr 10. bekk. Gert er ráð fyrir að umsóknum fjölgi þegar líður á vorið.

8. Mögulegar breytingar á starfslíði

Hildigunnur Jónsdóttir fer í ársleyfi, en Hnikarr og María koma aftur til starfa að loknu eins árs leyfi. Þá hefur Guðrún Jóna Svavarsdóttir sagt starfi sínu lausu. Aðrar breytingar á starfslíði skólans liggja ekki fyrir.

9. Önnur mál

a) Kynning á námsframboði skólans

Ákveðið að fá verkefnisstjórn skólans til þess að kynna námsframboð og ný viðfangsefni á næsta fundi nefndarinnar.

b) Næsti fundur ákveðinn 13. júní klukkan 17:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:16.

Baldur B. Daníelsson.